



A 1708/velfærd

Flytjandi Norræna velferðarnefndin
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndartillaga um aukinn hreyfanleika fólks með fötlun á Norðurlöndum

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún tryggi að starfsfólk hjá lykilaðilum, t.a.m. Halló Norðurlöndum, Nordplus og alþjóðaskrifstofum æðri menntastofnana, sé fært um að aðstoða og svara spurningum einstaklinga með fötlun í þeim tilgangi að greiða för þeirra. Norrænn tengiliður gæti t.d. upplýst um réttindi sem eiga við um hreyfanleika og hvert einstaklingar eigi að snúa sér varðandi m.a. húsnæði, aðstoð og fjárstyrki;

að hún tryggi að norrænar vefsíður séu aðgengilegar einstaklingum með sérþarfir og að þeir geti nýtt sér stafrænan vettvang Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal vefsíður Halló Norðurlöndum, stofnana ráðherranefndarinnar og annarra norrænna stofnana;

að hún leggi fram skýrslu um norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun á þingi Norðurlandaráðs 2017.

Aðdragandi

Einstaklingar með fötlun nýta ekki fyllilega rétt sinn til hreyfanleika innan Norðurlanda. Ástæðan er sú að ólíkar reglur og réttindi gilda í löndunum. Einstaklingur með fötlun, sem hyggst stunda nám eða búa í öðru norrænu landi, mun reka sig á hve erfitt getur reynst að nálgast upplýsingar um reglur sem gilda í nýja landinu. Oft byggja reglur á einstaklingsbundnu mati og því er ekki hægt að gefa neitt ákveðið upp fyrirfram. Kemur það í veg fyrir að einstaklingar með fötlun geti kynnt sér fyrirfram aðstæður og réttindi í öðru landi. Óttinn við að missa áunnin réttindi og tækifæri heftir för umræddra einstaklinga milli Norðurlanda.

Lausnin gæti verið að tryggja nægilega færni og þekkingu þar sem einstaklingar með fötlun leita ráða. Gæti það verið norrænn tengiliður hjá lykilaðilum, t.a.m. Halló Norðurlöndum, Nordplus og alþjóðaskrifstofum háskóla og annarra æðri menntastofnana. Einstaklingar gætu aflað sér upplýsinga og metið hvort þeim sé fært að búa/stunda nám í öðru landi þrátt fyrir hömlur sem fötlunin setur þeim. Rannsóknir sýna jafnframt að upplýsingar skortir um hugsanlega viðbótarstyrki og sjóði (NORDPLUS, ERASMUS, Samning SP um réttindi fatlaðs fólks)



sem eru í boði fyrir einstaklinga með fötlun sem hyggjast nýta sér réttinn til hreyfanleika innan Norðurlanda.

Ýmsar opinberar heimasíður á Norðurlöndum eru ekki aðgengilegar fólki með fötlun. Norrænar stofnanir eru hvattar til að taka af skarið og tryggja jafnan aðgang allra einstaklinga að upplýsingunum.

Í tilmælunum er óskað eftir skýrslu um málefni fólks með fötlun og verði hún lögð fyrir þing Norðurlandaráðs. Markmiðið er að beina kastljósi að málefnum einstaklinga með fötlun á Norðurlöndum og finna sameiginlega lausnir á hömlum sem þeim eru settar.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin leggur mikla áherslu á að tryggja jöfn réttindi allra Norðurlandabúa. Einstaklingar með fötlun eru sérlega heftir þegar kemur að hreyfanleika og frjálsri för yfir landamæri. Nefndin telur óréttlátt að einstaklingar með fötlun, sem öðlast hafa félagsleg réttindi, t.a.m. rétt á persónulegri aðstoð, sérstakri tækni, hjólastólum o.þ.h., missi réttindi sín þegar þeir fara milli Norðurlandanna. Nefndin vill gera einstaklingum kleift að yfirfæra áunnin réttindi milli norrænu landanna. Velferðarríki Norðurlanda eru að miklu leyti sambærileg hvað varðar framboð og gæði velferðarþjónustu og því væri skynsamlegt að löndin kæmu á gagnkvæmri viðurkenningu á áunnum réttindum þessa hóps.

Nefndin vill jafnframt verða við ósk ýmissa samtaka fólks með fötlun um bætta upplýsingagjöf. Því verður að tryggja að nægileg færni og þekking á lögum og réttindum sé fyrir hendi þegar einstaklingar með fötlun leita upplýsinga um möguleika á hreyfanleika. Að lokum vill nefndin vekja athygli á samstarfi um málefni fólks með fötlun á Norðurlöndum með því að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hún leggi skýrslu þar að lútandi fyrir þing Norðurlandaráðs.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Angelika Bengtsson (SD)
Anne Louhelainen (saf)
Axel Jonsson (ÅF)
Bengt Morten Wenstøb (H)
Bente Stein Mathisen (H)
Christian Juhl (EL)
Jenis av Rana (Mfl.)

Karen J. Klint (S)
Lennart Axelsson (S)
Maria Stockhaus (M)
Paula Bieler (SD)
Rikard Larsson (S)
Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)
Ulf Leirstein (FrP)